



Viðlagatrygging Íslands

ÁRSSKÝRSLA 2013

Efnisyfirlit

YFIRLIT	1
GILDI OG SIÐAREGLUR.....	2
YFIRLIT YFIR VÁTRYGGINGARATBURÐI ÁRSINS 2013	3
TJÓN OG IÐGJÖLD	4
VÁTRYGGÐAR EIGNIR	6
ENDURTRYGGINGAR.....	8
ÖNNUR VERKEFNI Á ÁRINU 2013	12

YFIRLIT

Viðlagatrygging Íslands (VTÍ) var stofnuð árið 1975 og starfar eftir lögum nr. 55/1992 og reglugerð nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands. Auk þess eru helstu réttarheimildir lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, lög um váttryggingarstarfsemi nr. 56/2010 og Stjórnarsýslulög nr. 37/1993.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum þar sem þrír eru kosnir af Alþingi, einn af váttryggingafélögunum og formaður stjórnar af fjármála- og efnahagsráðherra. Guðrún Erlingsdóttir, Hafnarfirði er stjórnarformaður, aðrir stjórnarmenn eru Adolf Guðmundsson, Seyðisfirði, Lína Björg Tryggvadóttir, Ísafirði og þeir Sigmar Ármannsson og Steinar Harðarson úr Reykjavík.

Framkvæmdastjóri VTÍ er Hulda Ragnheiður Árnadóttir. Auk hennar starfa fimm starfsmenn á skrifstofu VTÍ.

Stofnunin váttryggir gegn beinu tjóni af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla og vatnsflóða. Stofnunin váttryggir ekki gegn tjóni af völdum óveðurs (storms).

Samkvæmt 5. grein laganna er skylt að váttryggja allar húseignir og lausafé sem hafa brunatryggingu. Einnig er skylt að tryggja hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, hafnarmannvirki, brýr lengri en 50m, raforkuvirki, síma og fjarskiptamannvirki og skíðalyftur.

Í september 2013 var virði eigna sem váttryggðar eru af Viðlagatryggingu Íslands um 9.700 milljarðar króna. Árleg iðgjöld af váttryggðum eignum er 0,25% af váttryggingarfjárhæð brunatryggðra húseigna og lausafjár, en 0,20% af öðrum eignum. Váttryggingarfélög annast innheimtu iðgjalda af húseignum og váttryggðu innbúi og lausafé samhliða innheimtu iðgjalda brunatryggingar.

Eigin áhætta váttryggðs er 5% af hverju tjóni, en þó eigi lægri fjárhæð en kr. 20.000 fyrir innbú og lausafé, kr. 85.000 fyrir húseignir og kr. 850.000 fyrir önnur mannvirki.

Stofnunin gerir samninga við erlenda endurtryggjendur, svokallaða umframskaða (excess of loss) samninga. Eigin áhætta stofnunarinnar í samningunum fyrir árið 2014 er 10 milljarðar króna í hverju tjóni og gildir vernd endurtryggjenda annars vegar frá 10 milljörðum upp í 20 milljarða (layer 1) og hins vegar frá 20 milljörðum upp í 30 milljarða (layer 2). VTÍ endurtryggir váttryggingaráhættu sína hjá 20 erlendum félögum og sjóðum á endurtryggingamarkaði sem hvert um sig vegur á bilinu 1% til 20% af endurtryggingarsamningnum.

GILDI OG SIÐAREGLUR

Stjórn og starfsfólk Viðlagatryggingar Íslands hefur sett sér siðareglur á grundvelli þeirra gilda sem stofnunin starfar eftir, en þau eru samvinna, áreiðanleiki, frumkvæði og sanngirni.

Reglurnar eru leiðarljós stjórnar og starfsmanna Viðlagatryggingar Íslands, um þá siðferðislegu ábyrgð sem allir hlutaðeigandi hafa sammælt um að fylgja í orði og verki.

Sanngirni

1. Við förum eftir lögum og reglum í hvívetna og sýnum jafnan viðskiptavinum okkar og hvert öðru sanngirni.
2. Við styðjumst við faglegar aðferðir, gefum þeim sem hlut eiga að máli tækifæri á að koma að sínum sjónarmiðum og rökstyðjum ákvarðanir okkar.
3. Við viðurkennum mistök þegar okkur verður á og gerum það sem í okkar valdi stendur til að leiðrétta þau.

Áreiðanleiki

4. Við leggjum áherslu á áreiðanleika og vönduð vinnubrögð.
5. Við stöndum við gefin loforð, veitum áreiðanlega þjónustu og upplýsingar þannig að allar tímasetningar, dagsetningar, skipulag og væntingar standist.
6. Við gætum fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum okkar. Þess er gætt að persónuupplýsingar séu einungis notaðar í málefnalegum tilgangi.

Samvinna

7. Við leggjum okkur fram um að halda góðum starfsanda á vinnustaðnum. Hver og einn er meðvitaður um ábyrgð sína á sterkri liðsheild og gagnkvæmri virðingu. Við styðjum, hvetjum og hrósum hvert öðru.
8. Við byggjum öll samskipti á gagnkvæmri virðingu, samvinnu og alúð.
9. Við leitum ráða þegar á þarf að halda og stuðlum að góðri samvinnu við samstarfsaðila stofnunarinnar með jákvæðum samskiptum og hreinskiptni.

Frumkvæði

10. Við höfum frumkvæði að úrlausn verkefna, jafnt forvarna og aðgerða í kjölfar náttúruhamfara.
11. Við stuðlum að framförum með reglubundnu mati á verklagi, þróun nýrra aðferða til úrlausna og þátttöku í rannsóknum.
12. Við erum framsækin, stuðlum að öflun og miðlun þekkingar og erum tilbúin til að leggja á okkur það sem þarf til að ná góðum árangri.

Siðareglur þessar eru unnar af stjórn og starfsfólki á sameiginlegum fundi 26. apríl 2013. Allir þátttakendur eru tilbúnir til að vinna eftir þeim.

Telji starfsmaður að brotið hafi verið gegn lögum og siðareglum þessum er honum rétt og skylt að taka það mál upp við framkvæmdastjóra eða ef hann kýs heldur, beint við stjórn. Um meðferð brota skv. framangreindu skal fara skv. reglum fjármálaráðuneytisins:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/starfsaevin/starfsskyldur/>

Stjórn staðfesti siðareglurnar á fundi sínum 21.11.2013.

YFIRLIT YFIR VÁTRYGGINGARATBURÐI ÁRSINS 2013

Engir stórir váttryggingaratburður urðu á árinu 2013 og engar teljandi skemmdir urðu á váttryggðum eignum. Þann 19. desember varð minniháttar sjávarflóð á Eyrinni á Akureyri. Smávægilegt tjón varð á örfáum váttryggðum eignum.

Í október var nokkur jarðskjálftavirkni úti fyrir Reykjanestá. Stærsti skjálftinn í hrinunni varð þann 13. október, af stærðinni 4,9. Engar skemmdir urðu á váttryggðum eignum í skjálftunum.

Ekki var um aðra váttryggingaratburði að ræða á árinu.

TJÓN OG IÐGJÖLD


Tjón Viðlagatryggingar Íslands frá árinu 2004 til 2013 er alls um 11,4 milljarður króna en innheimt iðgjöld fyrir sama tímabil eru um 18 milljarðar. Innheimt iðgjöld eru að jafnaði meiri en tjón ef litið er til áranna 2004 til 2013, þrátt fyrir jarðskjálftann árið 2008 og sjóðstreymi því jákvætt. Innheimt iðgjöld ársins 2013 voru um 2,4 milljarðar króna. Jarðskjálftar eru langstærsta orsök tjóns á váttryggðum eignum síðastliðinn áratug.

Tjón og iðgjöld Viðlagatryggingar Íslands 2004-2013, milljónir króna

Ár	Tjón	Iðgjöld
2004	125	985
2005	62	1.133
2006	46	1.235
2007	65	1.402
2008	5.346* ¹	1.611
2009	3.443* ¹	1.900
2010	859	2.031
2011	591	2.090
2012	474	2.260
2013	292	2.428
Samtals	11.398	18.052

*¹Tjón árin 2008 og 2009 er vegna jarðskjálftans í maí 2008.

Tjón og iðgjöld Viðlagatryggingar Íslands 2004-2013, milljónir króna




Taflan hér að neðan sýnir sundurliðun tjóna af völdum váttryggingaratburða á árunum 2008 til 2013. Langstærsti hluti heildartjónsins er vegna jarðskjálftans í maí 2008, eða um 90%. Tjón af völdum öskufalls vegna eldgoss í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum árið 2011 er um 460 milljónir króna. Tjón vegna flóða sem greitt var á árinu 2013 er tilkomið vegna skemmda á stíflumannvirki við Djúpadalsvirkjun sem varð árið 2006.

Váttryggingaratburðir og tjón 2008-2013, milljónir króna*¹

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Alls
Jarðskjálftar	5.281	3.340	799	219	199	71	9.909
Öskufall	0	0	38	353	68	6	465
Snjó- og aurflóð	3	45	10	7	204	214	483
Annar kostnaður	61	59	13	11	3	0	147
Samtals	5.346	3.443	859	591	474	292	11.004

*¹Tölurnar innifela kostnað vegna tjónabóta, matskostnaðar og lögræðikostnaðar

Samsetning váttryggingaratburða 2008-2013



VÁTRYGGÐAR EIGNIR


Heildar váttryggingarvirði eigna sem váttryggðar eru af Viðlagatryggingu Íslands voru um 9.700 milljarðar króna þann 1. september 2013. Þar af eru fasteignir um 6.811 milljarðar (70%), innbú og lausafé um 2.179 milljarðar (23%) og veitur og önnur mannvirki um 711 (7%).

Samsetning váttryggðra eigna 2004-2013, milljónir króna

Ár	Fasteignir	Innbú og lausafé	Veitur og önnur mannvirki	Samtals
2004	2.881.653	907.447	346.569	4.135.669
2005	3.134.645	1.110.048	381.993	4.626.686
2006	3.502.554	1.249.798	384.473	5.136.824
2007	4.019.317	1.438.240	388.634	5.846.191
2008	4.711.354	1.649.376	447.924	6.808.653
2009	5.473.365	1.965.453	556.405	7.995.223
2010	5.791.699	1.953.446	632.219	8.377.364
2011	6.286.584	1.968.126	647.776	8.902.486
2012	6.509.555	2.066.963	673.210	9.249.728
2013*	6.810.679	2.178.919	710.833	9.700.431

*1. september 2013

Samsetning váttryggðra eigna 2003-2013, milljónir króna




Vátryggðar eignir eftir landsvæðum árið 2013, milljónir króna


	Fasteignir	Innbú og lausafé	Veitur og önnur mannvirki	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	3.886.614	1.278.694	275.795	5.441.103
Reykjanes	458.480	172.944	56.361	687.786
Vesturland	395.657	99.224	46.942	541.823
Vestfirðir	179.626	46.160	34.662	260.448
Norðvesturland	213.515	60.035	22.697	296.247
Norðausturland	656.222	192.763	92.879	941.864
Austurland	302.702	117.116	53.542	473.361
Suðurland	716.389	181.144	116.547	1.014.081
Óskilgreint	1.473	30.839	11.407	43.719
	Samtals vátryggðar eignir um allt land			9.700.431*

*1. september 2013

Vátryggðar eignir eftir landsvæðum árið 2013




Samsetning váttryggðra eigna 2013



ENDURTRYGGINGAR

Endurtryggingasamningar Viðlagatryggingar Íslands eru umframskaða samningar (Excess of Loss) sem bæta stórtjón. Endurtryggjendur sem koma að samningunum eru 20, þar á meðal NewRE, SCOR, Lloyd's, Sirius Reinsurance og Munich RE sem leiddu samningagerðina. Samningarnir voru endurnýjaðir í lok árs 2013 og gilda fyrir almanaksárið 2014. Eigin áhætta Viðlagatryggingar Íslands er 10 milljarðar króna. Vernd endurtryggjenda nær yfir tjón frá 10 milljörðum upp í 20 milljarðar fyrir layer 1 og frá 20 milljörðum upp í 30 milljarðar fyrir layer 2. Verndin nemur 20 milljörðum yfir 10 milljörðum í hverjum tjónsatburði.


Vátryggingarvernd endurtryggjenda og eigin áhætta VTÍ 2008-2013




Endurtryggingaverndin nær til allra atburða sem Viðlagatrygging Íslands tryggir gegn, þó einkum sé gert ráð fyrir að jarðskjálftar geti valdið tjóni þar sem reynir á verndina, eins og raunin varð árið 2008.

Í samningum vegna ársins 2014 var gerð breyting á samningnum frá því sem verið hefur. Tímalína fyrir hvern atburð var áður 720 klst. eða um einn mánuður. Það hafði í för með sér að jarðskjálftahrina sem nær yfir allt að einn mánuð taldist sem einn atburður og eigin áhætta Viðlagatryggingar því aðeins greidd einu sinni fyrir alla skjálfta sem kynnu að verða innan þess tímabils. Í samningum vegna ársins 2014 var sett inn viðbótarákvæði sem lengir tímabilið í 2.160 klst. eða í um þrjá mánuði. Ákvæðið á við um Reykjanes og Suðurland, þar sem gera má ráð fyrir að hrina jarðskjálfta geti gengið yfir á nokkurra vikna eða mánaða tímabili, eins og sagan hefur sýnt. Með þessum hætti teljast allir jarðskjálftar innan svæðisins, í allt að þrjá mánuði, vera einn vátryggingaratburður í skilningi samningsins.

Iðgjöld til endurtryggjenda sem hlutfall af
váttryggingarvernd 2009-2014



Líkindakúrfa fyrir tjón vegna jarðskjálfta á Íslandi



Myndin er unnin upp úr niðurstöðum reiknilíkans fyrir jarðskjálfta á Íslandi og sýnir líkindi á tjóni á einu ári af völdum jarðskjálfta á Íslandi.

Á myndinni sést að líkur á tjóni á einu ári að upphæð 30 milljarðar eða meira, eru um 1/300 eða um 0,33%. Það þýðir hins vegar ekki að öruggt sé að slíkur atburður verði á næstu 300 árum. Myndin sýnir einnig að líkur á að tjón á einu ári verði jafnt eða hærra en sem nemur eigin áhættu Viðlagatryggingar Íslands, eru um 1/50 eða um 2%.

Solvency II er tilskipun um endurskoðun á reglum um gjaldþol váttryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Starfsemi Viðlagatryggingar Íslands er undanskilin gildissviði Solvency II

tilskipunarinnar samkvæmt aðlögun sem gerð var við EES samninginn. Áhættuþættir sem mældir eru í tilskipuninni eru ekki taldir eiga við um starfsemi Viðlagatryggingar Íslands.

Ef litið er til gjaldþols Viðlagatryggingar Íslands með tilliti til Solvency II tilskipunarinnar og miðað er við atburð sem hefur 200 ára endurkomutíma, má gera ráð fyrir að tjón af slíkum atburði yrði um eða yfir 24 milljarðar króna.

ÖNNUR VERKEFNI Á ÁRINU 2013

Innleiðing gæðakerfis hjá Viðlagatryggingu Íslands

Viðlagatrygging Íslands hefur innleitt gæðakerfi sem skv. ISO:9001 gæðastaðlinum. Innleiðing á gæðakerfinu hófst í október 2011 með staðfestingu stjórnar á gæðastefnu, sem miðaði að því að innleiða það gæðakerfi sem nú er í notkun. Í júní 2013 var gæðakerfið vottað og staðfest af BSI á Íslandi. Gæðakerfið bætir áreiðanleika gagna, vistun, rekjanleika og samræmingu verklags. Það bætir einnig rekstrarsamfellu hjá stofnuninni í víðtækum skilningi.

Í ársslok 2012 lágu fyrir starfsreglur stjórnar, erindisbréf endurskoðunarnefndar, reglur um innri endurskoðun, reglur um innra eftirlit, gæðastefna, skjalastefna, reglur um fjárfestingastarfsemi, fjárfestingarstefna og mannauðsstefna. Á árinu 2013 hefur stjórn samþykkt áhættustýringarstefnu, upplýsingaöryggisstefnu og siðareglur. Með útgáfu þessara stefnuskjala metur stjórnin það sem svo að stefnumótun sé orðin skýr varðandi mikilvægustu þætti í rekstri stofnunarinnar. Til að tryggja stöðugt viðhald gæðakerfisins hafa verið skipulagðar úttektir á fylgni við gæðaskjöl stofnunarinnar með virkri þátttöku allra starfsmanna. Niðurstöður úttekta eru kynntar stjórn með reglulegum hætti í formi skýrslu sem kallast „Mat á virkni gæðakerfis“.

Viðbragsáætlun í náttúruhamförum

Vinnu við verkefnið „Viðbragsáætlun í náttúruhamförum“ hefur verið fram haldið á árinu 2013. Í lok árs var greiningarvinnu og áætlanagerð að mestu lokið, en framsetning á verklýsingum, gátlistum og skýrslunni sjálfri var ólokið. Stefnt er að útgáfu áætlunarinnar í maí 2014.

Þátttaka í ráðstefnum

Starfsmenn Viðlagatryggingar hafa tekið þátt í ýmsum ráðstefnum og haldið fyrirlestra á almennum vettvangi á árinu, en þar má m.a. nefna fyrirlesturinn „Innri endurskoðun í opinberri stjórnsýslu“, sem Viðlagatrygging Íslands stóð að ásamt fleiri aðilum í Dokkunni í mars, „Innleiðing gæðakerfis til hagsbóta fyrir alla“, sem haldinn var í Dokkunni í maí og „How the Icelandic Catastrophe insurance prevention program is based on modeled catastrophe events“, sem haldinn var á jarðskjálftaráðstefnu á Húsavík í júní 2013.

Samantekt

Rekstur og starfsemi Viðlagatryggingar Íslands gekk almennt vel á árinu 2013. Engar meiriháttar náttúruhamfarir urðu og skemmdir á váttryggðum eignum urðu nær engar þegar horft er til landsins í heild. Hér að framan hafa helstu tölur í rekstri stofnunarinnar verið birtar auk þess sem gefin hefur verið innsýn í þau verkefni sem unnið hefur verið að á árinu 2013.